

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2456  
§ komudagur 17.5.2011  
Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 16. maí 2011.  
1105013 IE

**Efni:** Umsögn um 748. mál, breyt. á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (EES-reglur ofl.).

Með tölvubréfi, dags. 19. apríl 2011, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um 748. mál, þskj. 1298, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, m. síðari breytingum (EES-reglur ofl.). Þess var óskað að umsögn bærst eigi síðar en 9. maí 2011. Með tölvubréfi 9. maí óskaði Jafnréttisstofa eftir stuttum fresti til að skila umsögn. Nefndasvið veitti viku frest.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er megintilefni þess að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við tiltekin ákvæði í lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Einnig er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópuráðsins 2010/18/EB. Jafnréttisstofa tekur undir þær breytingar sem fram koma varðandi viðmiðunartímabil, lengingu foreldraorlofs og fleira sem er til þess fallið að bæta réttindi foreldra. Jafnréttisstofa telur einnig jákvætt að skýrð séu tiltekin ákvæði, t.d. reiknireglan sem fram kemur í 2. mgr. 13. gr. og skýrð er nánar í 3. gr. frumvarpsins. Réttarstaða og réttaröryggi foreldra verður betra því skýrari sem reglurnar sem um fæðingar- og foreldraorlof gilda.

Jafnréttisstofa telur rétt að taka fram hér að það er áhyggjuefni að greiðslur til foreldra hafa verið lækkaðar umtalsvert undanfarið og ekki er gerð breyting á því í þessu frumvarpi sem hér er til umsagnar. Þær lágu greiðslur sem foreldrar nú geta fengið úr fæðingarorlofssjóði eru það lágar að líkur eru til þess að foreldrar, sérstaklega feður, taki ekki fæðingarorlof eins og réttur þeirra stendur til.




## Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa leggur því til að hámark greiðslna úr fæðingarorlofssjóði verði endurskoðað til hækkunar til sporna við þeirri þróun sem nú þegar eru komnar fram vísbendingar um, þ.e að feður taki síður fæðingarorlof. (Sjá skýrsluna Konur í kreppu? eftir Evu Bjarnadóttur og Eygló Árnadóttir, 2011, bls. 10.)

Óski nefndin frekari upplýsinga eða skýringa vinsamlegast hafið þá samband við undirritaða.

Virðingarfyllt,



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur